



60. Ársþing HSI haldið í Laugardalshöll

22. apríl 2017

Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

5. gr. Réttindi og skyldur aðildarfélaga

Ný grein

Aðildarfélög HSI skuldbinda sig til að vinna að því að koma í veg fyrir óeðlilega þátttöku sinna félagsmanna í veðmálastarfssemi.

Rökstuðningur:

Mikil umræða hefur verið um veðmálastarfssemi í íþróttum sem hefur teygt anga sína í neðri deildir íþróttanna sem og yngri flokka. Nauðsynlegt er að aðildarfélög sé meðvituð um þessa vá í íþróttastarfseminni og gæti að því að félagsmenn séu ekki að taka þátt í slíkri starfsemi með óeðlilegum hætti s.s. hagræðingu úrslita eða með öðrum hætti þannig að það hafi óeðlileg áhrif á slík atriði.

Með þessu ákvæði er athygli vakin á þessu hjá félögunum og er til skoðunar hjá stjórn HSI að setja sérstaka reglugerð varðandi þetta sem yrði þá í samstarfi við önnur aðilarsambönd ÍSÍ.